

lega og nokkur móðir getur, breiddi hann silkiábreiðuna yfir barnið, strauk hægt og ómerkjanlega vota hárið á enni þess, sneri sér síðan hægt og rólega að hinum ókunnunni mönnum, sem höfðu fylgt á eftir honum.

"Ewald!" kallaði hann til hins gamla herbergisþjóns síns, "komdu hingað með eitthvað af fötunum mínum, og segðu konunni þinni að annast um þur kvenklæði."

Ewald flýtti sér burtu aftur, því nú var líka með-aumkun hans vakin. Greifinn kallaði til hans, rétt þegar hann fór: "Þetta fólk verður fyrst að fá þur föt, svo verður að hugsa um mat handa því."

Ewald flýtti sér enn þá meira en fyr burtu þaðan, þar sem greifinn með hjálp Pólverjans og herbergisþerinunnar voru að reyna til að kveikja aftur líf í dauða brjóstbarninu.

En það var árangurslaust. Þetta unga líf hafði ekki getað þolað frostið og storminn og næturgönguna í hörkunni. Nú heyrðist enginn andardráttur úr brjóstinu litla. Nábleikt og kalt hvíldi nú barnið á mjúka koddanum.

Pólska stúlkan hafði lagst örmagna niður við hliðina á kamínunni. Með lokuðum augum og örmagna af þreytu og sorg lá hún eins og dauð þarna á ábreiðunni við ofninn svo að ljósið úr kamínunni skein á föla andlitið, nábleika og limi hennar örmagna, og á pólska þjóðbúninginn hennar og hrafnsvarða hárið, sem stormurinn hafði leikið um og hríslað í allar áttir.

Búið var um dauða barnið í stofu við hliðina. Herbergisþernan Gústína fór að afklæða ókunnunni stúlkuna úr votu fötunum, en Dynar greifi sat yfir litla barninu dauða og gaf drengnum dálítið vatn að drekka.